
Skýrsla formans fyrir starfsárið 2010–2011

3f, félag um upplýsingatækni og menntun, er vettvangur þeirra sem áhuga hafa og starfa að upplýsingatækni í menntun. Innan félagsins eru 279 kennarar á öllum skólastigum út um allt land, frá leikskóla upp í háskóla.

Stjórn 3f

Stjórn 3f er skipuð eftirfarandi:

Sigurður Fjalar Jónsson formaður, Fjóla Þorvaldsdóttir gjaldkeri, Bjarndís Fjóla Jónsdóttir ritari, Sólveig Friðriksdóttir og Jóhanna Geirsdóttir meðstjórnendur.

Yfirlit yfir starfsárið 2010–2011

Eins og mörg undanfarin ár var þetta starfsár annasamt hjá okkur í stjórn 3f, margvísleg verkefni á döfnni í félaginu og við dugleg við að halda fundi. Stjórnarfundir voru a.m.k. einu sinni í mánuði en einnig var tölvupóstur og Netið nýtt til frekari samskipta þar sem rætt var ýmislegt sem tengist framgangi UT í menntun eins og nafn félagsins gefur til kynna.

Fundir og viðburðir síðasta starfsárs

1. og 8. júní 2010	Sumarnámskeið – Efnisvinnsla á vef, kennari: S. Fjalar. Námskeiðið var haldið í samstarfi við SEF fyrir framhaldsskólakennara.
3. júní	Sumarnámskeið – Miðlun efnis á vef, kennari: Ida Semey. Námskeiðið var haldið í samstarfi við SEF fyrir framhaldsskólakennara.
16. júní	Stjórnarfundur. <ul style="list-style-type: none"> • Stjórnin skipti með sér verkum. • Rætt um skipulag fyrirhugaðrar ráðstefnu 3f og Keilis sem áætlað var að halda í október 2010. • Rætt um framlag 3f til Menntakviku. Ákveðið var að 3f stæði fyrir málstofu í samstarfi við RANNUM. • Sólveig Friðriksdóttir verður áfram fulltrúi 3f í RANNUM. Hún fundar með stjórn RANNUM einu sinni í mánuði. • 3f aðstoðar RANNUM við að finna fyrirlesara í málstofur sem haldnar eru einu sinni í mánuði yfir skólaárið á þriðjudögum. • 3f á einnig fulltrúa sinn í Nordisk Netverk for vöxnas lærande, Hróbjart Árnason lektor.
16. júní	Stjórn 3f fundar í mennta- og menningarmálaráðuneytinu með Berglindi og Sigurbjörgu.

	<ul style="list-style-type: none"> • Rætt var um UT-leiðtogaverkefni og þátttöku 3f í því. • Rætt um hugmyndir og ákveðið að skiptast á hugmyndum á Google Docs.
5. júlí	Stjórnin fundaði í Keili ásamt fulltrúum Keilis í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar sem til stóð að halda 29. október 2010, en var síðan frestað til 11. mars 2011.
4. ágúst	Fundur S. Fjalars og Sólveigar í mennta- og menningarmálaráðuneytinu með Sigurbjörgu og Tryggva vegna UT-leiðtogaverkefnisins.
20. ágúst 2009	Stjórnarfundur. <ul style="list-style-type: none"> • Undirbúningsvinna vegna ráðstefnunnar í október. • Skipulagning á vetrarstarfinu.
21. september	Stjórnarfundur. <ul style="list-style-type: none"> • Rætt um UT-leiðtogaverkefnið. • Rætt um niðurstöður könnunar um starfshætti í grunnskólum.
6. og 20. október og 10. nóvember, framhald á Netinu	Námskeiðið „Minn eigin vefur“ haldið í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Farið var í undirstöðuatriði sem ber að hafa í huga við gerð vefsíðna og kennt að útbúa einfaldan vef með WordPress vefumsjónarkerfinu. Þátttakendur höfðu síðan aðgang að kennsluefni á Moodle-vef.
20. október	Fundur með Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara.
22. október	Menntakvika – erindi frá 3f. <ul style="list-style-type: none"> • Fjóra Þorvaldsdóttir – Rafrænt skólasamstarf. • Sólveig Friðriksdóttir – Eru íslensk ungmenni „læs“ á umheiminn?
29. október	Stjórnarfundur. <ul style="list-style-type: none"> • Farið yfir styrkumsóknir fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. • Rætt um nýjan vef fyrir félagið og ákveðið að stofna nýjan vef með WordPress.
29. október	Ráðstefnu 3f og Keilis frestað vegna dræmrar þátttöku og ákveðið að halda hana í mars 2011.
10. nóvember	Stjórnarfundur. <ul style="list-style-type: none"> • UT-leiðtogaverkefnið. Þrátt fyrir mikla vinnu 3f hefur ekkert gerst enn af hálfu ráðuneytisins. • Hafinn undirbúningur að ráðstefnu í mars.
11. nóvember	Joomla-klúbbur haldinn í Álfhólsskóla.
22. nóvember	Skemmtikvöld 3f haldið í Verzlunarskóla Íslands. Kynning á vinsælum hugbúnaði til náms og kennslu.

22. nóvember	Nýr vefur 3f opnaður formlega á skemmtikvöldi 3f.
8. desember	Fundur í ráðuneytinu um aðalnámskrá framhaldsskóla. S. Fjalar og Sólveig mæta fyrir 3f, en einnig þrír frá félagi skólasafnskennara ásamt Sigurjóni Mýrdal og Sesselju í ráðuneytinu.
16. desember	Jólafundur stjórnar. <ul style="list-style-type: none"> • Ráðstefnan verður haldin 11. mars 2011. • Farið var yfir mat á umsóknum fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Eins og undanfarin ár þá fer félagið yfir umsóknir um styrki til námsefnisgerðar sem sendar eru í Þróunarsjóð framhaldsskóla. • UT-leiðtogaverkefnið rætt. • Veittur styrkur til farar á BETT gegn umfjöllun um ráðstefnuna á vef.
26. janúar	Stjórnarfundur. <ul style="list-style-type: none"> • Rætt um aðalnámskrá. • Ákveðið að funda aftur með Sigurjóni Mýrdal.
26. janúar	BETT kvöld fyrir félagsmenn 3f. Farið var yfir það sem félagsmönnum þótti áhugavert á sýningunni. Góð kvöldstund og mikið spjallað.
8. febrúar	3f sendi fulltrúa sinn til að vera með erindi á Alþjóðlega netöryggisdeginum.
11. mars	Framtíðin er núna – Tækni fyrir alla. Árleg ráðstefna 3f haldin í samstarfi við Keili – Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs. Ráðstefnan tókst í alla staði frábærlega.
15. mars	Haldinn aðalfundur RANNUM, rannsóknarstofu um upplýsingatækni og miðlun. 3f er stuðningsaðili hennar.
30. mars	S. Fjalar og Sólveig funduðu með Sigurbjörgu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna UT-leiðtogaverkefnisins.
7. apríl	Upplýsingatækni í skólastarfi – fundur ráðuneytinu vegna UT-leiðtogaverkefnisins o.fl. S. Fjalar og Sólveig Friðriksdóttir taka þátt fyrir hönd 3f.
11. apríl	Kvöldstund í vefsmíðum. Félagsmönnum boðið á Joomla-klúbbkvöld í tölvustofunni í nýbyggingu Melaskóla.
19. apríl	Stjórnarfundur. <ul style="list-style-type: none"> • Rætt um samráðsvettvang aðila sem vinna að málefnum UT í skólastarfi. • Rætt um umsókn í Sprotasjóð og þróunarsjóð sveitarfélaga.
12. apríl	Ida M. Semey, meistaranemi við Menntavísindasvið, flutti erindi um reynslu sína af notkun upplýsingatækni til samskipta í spænskukennsla. Erindið var

	haldið á vegum RANNUM í samstarfi við 3f.
27. apríl	Upplýsingatækni í skólastarfi – fundur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna UT-leiðtogaverkefnisins. S. Fjalar og Sólveig Friðriksdóttir taka þátt fyrir hönd 3f.
3. maí	Heimsókn í Keili til að færa Björk Guðnadóttur gjöf í þakklætisskyni fyrir vel heppnaða ráðstefnu 11. mars sl.
9. maí	Samráðsfundur ýmissa aðila sem hafa unnið með UT í skólastarfi var haldinn í Verzlunarskóla Íslands.
30. maí	Aðalfundur 3f. <ul style="list-style-type: none"> • Venjubundin aðalfundarstörf. • Kynning á Plan2Biz. Benedikt Bjarnason og Andri Heiðar Kristinsson.
9. og 10. júní	Moodle-námskeið haldið í samstarfi við SEF í Verzlunarskóla Íslands.

Helstu viðburðir og verkefni – samantekt

Námskeiðahald á vegum 3f

Efnisvinnsla á vef, kennari: Sigurður Fjalar Jónsson

Miðlun efnis á vef, kennari: Ida Semey

Minn eigin vefur, kennari: Sigurður Fjalar Jónsson

Námskeið í notkun á Moodle, kennarar: Jóhanna Geirsdóttir og Sigurður Fjalar Jónsson

Námskeið í WordPress vefumsjónarkerfinu, kennari: Sigurður Fjalar Jónsson

Framtíðin er núna, tækni fyrir alla – ráðstefna 3f og Keilis

Ráðstefna 3f og Keilis var haldin að Ásbrú þann 11. mars sl. Hún þótti takast vel og voru umsagnir mjög jákvæðar. Aðalfyrirlesarinn var Sigurður Fjalar, formaður 3f. Undirbúningur svona ráðstefna tekur mikinn tíma stjórnarmanna og því mikilvægt að hafa öfluga samstarfsaðila.

Joomla-klúbbur

Joomla-klúbburinn hittist tvisvar sinnum, í fyrra skiptið í Álfhólsskóla og í seinna skiptið í Melaskóla.

Félagsfundir – tengsl við félagsmenn

Skemmtikvöld 3f

BETT kvöld

Haldinn samráðsfundur með aðilum sem hafa unnið með UT í skólastarfi

Nýr vefur tekinn í notkun <http://3f.is>

3f nýtti sér samskiptavefi í auknum mæli, t.d. Facebook og Twitter www.twitter.com/3eff

Tekið var upp nýtt póstkerfi, MailCimp

Samstarf við aðra

Samstarf við:

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið – sérstaklega vegna UT-leiðtogaverkefnisins, Menntagáttar og aðalnámskrár.
 - RANNUM, rannsóknarstofa um upplýsingatækni og miðlun, en 3f er stuðningsaðili hennar. Fulltrúi 3f í stjórn er Sólveig Friðriksdóttir og hefur einnig tekið virkan þátt í starfi RANNUM, m.a. unnið að skipulagi að málstofum á Menntakviknu.
 - Keili- Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs.
 - Alþjóðaskrifstofu Háskólastigsins vegna eTwinning – rafrænt skólasamstarf í Evrópu SAFT.
 - Heimili og skóla.
-

Ráðuneytið og upplýsingatækni/UT leiðtogar

Mikið hefur verið fundað með Sigurbjörgu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu um stöðu verkefnisins UT-leiðtogar en veitt hafði verið fjármagni í það verkefni. Staðan á verkefninu er enn frekar óljós en 3f er með í þeirri vinnu að gera það að veruleika.

Vefsíða félagsins, félagatal, póstlisti og Facebook

Ný vefsíða var opnuð á árinu og reynt hefur verið eftir megni að birta nýjar fréttir og tilkynningar. Skráðir félagsmenn eru nú orðnir 279 og alltaf að bætast fleiri við. Tilkynningar og fréttir eru sendar reglulega af póstlistanum og inn á vefsíðu félagsins og einnig í gegnum síðuna á Facebook.

Aðalfundur 3f 30. maí 2011

Sigurður Fjalar Jónsson, formaður